



## Reglur um afnot Íþróttamiðstöðvarinnar í Breiðdal utan hefðbundins opnunartíma

Til þess að fá afnot af Íþróttamiðstöð Breiðdalshrepps utan hefðbundins opnunartíma skal viðkomandi hafa gert samning þar af lútandi við forstöðumann íþróttamiðstöðvarinnar. Afnot samkvæmt reglum þessum gildir einungis um þreksal en stranglega er bannað að fara í heita pottinn utan hefðbundins opnunartíma. Reglurnar eru eftirfarandi:

1. Notandi skal vera orðin 18 ára.
2. Notandi skal hafa gilt árskort að líkamsræktarstöðinni í Íþróttamiðstöðinni í Breiðdal.
3. Afnot og aðgangur gildir einungis fyrir hvern þann einstakling sem undirritar samning þennan.
4. Við undirritun samnings fær viðkomandi upplýsingar um aðgang að lyklaboxi.
5. Óheimilt er að gefa öðrum upplýsingar um aðgang að lyklaboxi.
6. Hver og einn notandi ber ábyrgð á húsinu við notkun.
7. Notandi skuldbindur sig að ganga vel um húsið og eigur Íþróttamiðstöðvar og ganga frá öllum tækjum á sinn stað eftir notkun.
8. Notandi skuldbindur sig til að skrá komu sína í þar til gerða dagbók.
9. Stranglega bannað er að nota áfengi eða tóbak í eða við Íþróttamiðstöð, sem og að vera undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna í íþróttamiðstöðinni.
10. Notkun er ekki heimil á næturnar, þ.e. eftir kl: 00:00 og til 05:00. Jafnframt er heimilt að takmarka notkun á ákveðnum tímum vegna annarrar starfssemi svo sem íþróttakennslu.
11. Notandi gerir sér grein fyrir að í húsinu er vaktað myndavélakerfi.
12. Virðum friðhelgi einkalífsins. Notkun snjallsíma er stranglega bönnuð í búningsklefum. Einnig er bannað að taka myndir í tækjasal nema það sé með samþykki þess sem myndaður er. Brot á þessum reglum eru litin alvarlegum augum og geta varðað brottrekstri.
13. Brot á umgegni eða reglum þessum fyrirgerir notanda heimild til að nýta húsið utan hefðbundins opnunartíma.
14. Gildistími hvers samnings er eitt ár.

Starfsmönnum Íþróttamiðstöðvarinnar í Breiðdal er óheimilt að upplýsa um aðgang að lyklaboxi að Íþróttamiðstöð, nema undirritaður samningur um reglur þessar liggja fyrir, ásamt því að trygging hafi verið greidd og viðkomandi hafi gilt árskort.

Fjarðabyggð 4. apríl 2019

  
Karl Óttar Pétursson  
bæjarstjóri

Samþykkt í íþrótt- og tórnstundaneftnd 19. mars 2019

Samþykkt í bæjarráði 25. mars 2019

Samþykkt í bæjarstjórn 3. apríl 2019